

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað árið 1942.

Skógurinn: Sala skógarafurða: Mestur hluti þess viðar er seldastvar á þessu ári, var efniviður. Efniviðurinn var eins og áður seldur í þremur flokkum, sem sé:

Flokkur.	Gildleiki.	Stykkjatala.	Pungi.
a. Staurar.	4-5 cm.	2481	16.000 kg.
b. - - -	5-7 -	1176	11.500 -
c. Smíðaeftni	10-20 -	14	2.340 -
		3671	29.840 kg.

Gildleiki staura er miðaður við þvermál 1.3 metra frá gildari enda, eða frá jörd á óupphögnum við.

Framan af árinu voru staurar 4-5 cm. seldir á 0.80 kr. en seigna hluta órsins á kr. 1.10-1.25 pr. stk. Staurar 5-7 cm. voru á sama hátt seldir á 1.75-2.00-2.50 kr.

Brautarhögg: í Hafnarfjörðum og Hafnaskógi voru höggnar 3 brautir, er liggja samhliða út og fram með ca. 150 metra millibili, og eru þær tengdar við brautir er áður lágu eftir Lýsishól. Þær brautir eru nú mikil vaxnar dæman, en verða skýrðar upp á þessu árt. Hinar nefndu brautir liggja frá Skeiðalsvegi, sú neðste samt fyrir ofan Húsmæðraskólann, sú í miðju frá Biskupsbotni og hin efsta frá Skriðalsvegi hjá Kerlingará. Allar brautirnar tengjast við gömlu Lýsishólsbrautirnar hjá Hssthústóftunum. Þá var höggin 4. brautin í Hólmum. Liggur hún frá þjóðveginum við Klýftjörn, út og upp ab Gvendargjótu. ca. 150 metra frá skógarjaðrinum. Liggja tvær neðri brautirnar frá skriðalsvegi, þessar brautir, sú efri við Gvendargjótu og endar þessi braut þar.

Fræ varð því nár ekkert á skóginum á þessu sumri.

Maðkur var enn viðloðandi. Var hann útbreiðdari í suðurskóginum, en á öðrum staðum. Yfirleitt bar mest á honum á nýgræðingi, 1-2 metrar. háum ungskógi. Efst í skóginum, fyrir ofan 200 metra háð var hans ekki vart.

Framræsla: Fullgerð var framræsla á myrlendinu í Ormsstaðalómi og á Atlavíkurmyri.

Affallsskurður á Ormsstaðarlóni er	220,0 metrar.
Lengd hliðarskurða þar	300 - -
Affallsskurður á Atlavíkurmyri er	130 - -
Hliðarskurður	200 - -
Samtals	850 metrar

Girðingár: Skemdir urðu talsverðar á girðingunni s.l. vetur af völdum bleytu-snjóe. Brotnuðu á einum stað í fjallinu um 100 staurar, og er það mestu árföll sem komið hefur á girðinguna í mörg ár. Bilanir voru og allmiklar á vir á öðrum stöðum. Sauðkindur skólabúsins voru reknaðar á fjall, langt inn á Fljótsdal, og varð þó nokkur árangur af því. I haust var ré skólans öllu lógað. Vinnukraftur fékkst ekki til þess að framkvæma fyrirhugaðar endurbætur á girðingunni. Verba þær endurbætur að bíða til úr rætist um vinnuafl.

Veðuriar og veðurathuganir: Veturinn 1941-1942 var mjög millkur, eins og athuganir sýna. Úrfelli og kuldar voru allt vorið og sumarið var einnig með þeim köldustu. Haustið var einnig kalt og mikil úrfelli í október. Nóvember og desember mánuðir voru betri, og varujörð auð og lítt frosin um jói. Undir áramótin skipti um til frosta. Úrkumumagn og hitastig hvers mánaðar var sem hér segir:

x	Hiti C°.	Úrkoma m.m.
Janúar	1.1 -	313.6 - -
Febrúar	1.3 -	19.3 - -
Marz	0.7 -	47.5 - -
Apríl	3.2 -	24.3 - -
Mai	4.5 -	32.4 - -
Júní	8.1 -	24.3 - -
Júlí	9.8 -	45.3 - -
Ágúst	10.2 -	30.3 - -
September	5.9 -	37.5 - -
Október	1.3 -	31.8 - -
Nóvember	2.6 -	36.5 - -
Desember	0.3 -	91.2 - -
<hr/> Samtals:		814.0 - -
<hr/> Meðaltal:		68.0 - -

Mestur hiti á sumrinu var 25° . p.18/7

Mest frost var 14.8° 28. febrúar.

Meðalhiti sumarmánuðina júní september var 8.5° . Er það óefabré með köldustu sumrum. Skógurinn fór algrænn 15. júní.

Lengstu árssprotar urðu 30 cm. á ungum skógi. Maðkur samfara lágum sumarhita dróg mjög úr vextinum. Ef skógurinn hefði verið heilbrigður, má telja líklegt að vöxtur hefði orðið mun meiri.

Græðireiturinn og gróðursetning: Sáð var í græðireitinn:

Birkifræi úr Bæjarstaðaskógi 10 kg.

Reynifræi af suðurlandi ca. 30 -

- - - - - úr Ranaskógi 10 -

Sitkagreni frá Alaska 2.5 kg. *Coolava?*

Settir voru græðikvistir af Ribs 7.500 stk.

- - - - - - - - Sólberjum 950 -

- - - - - - - - Gulvíði 1.250 -

Samtals: 9.700 stk.

Dreifplantað var: Birki ca. 30.000 stk.

- - - - - - - Ribs - 1.800 -

- - - - - - - Sólberjum 400 -

- - - - - - - Gulvíði 350 -

Samtals: 32.550 stk.

Græðursett í skóginum:

Skógarfuru frá *Luaasa* One-Töndelag, í Noregi. ca. 1.500 plöntum.

Sáning heppnabist vel á þessu ári. Fræið kom allt vel upp, og fræplönturnar döfnuðu vel, semar mjög vel, eins í sumum birkifræbeðunum.

Um birkið í dreifplöntubeðunum verour ekki sagt hið sama. Vanhöld urðu mikil, í nokkrum beðum mjög mikil.

Hér gerði aitaka stórvíðri með rigningu, er búið var að dreifplanta í nokkrum beðum, hlöðst molda á blöðin, og kom síðar í ljós að það reið mörgum plöntum að fullu. Betur gekk með þær birkiplöntur er síðar var dreifplantað.

Áburðarmagn notat sem hér segir:

a. Tilbúinn áburður saltpéttur 200 kg.

- - - - - - - Kalfáburbur 100 -

- - - - - - - forsórsýra 100 -

- - - - - - - ammophosf. 50 -

Samtals: 450 kg.

b. Búpensingsáburður: 75 vagnhlöss.

þar af kúatað 50 vagnhl.

- - hrossatað 10 - -

- - sauðatað 15 - -

Vöxtur birki og reyniviðaplantna var góður. Sumt af reyniplöntunum dafnaði mjög vel. Birkið varð minna en 1941, en reynirinn stærri. Ribs dafnaði mjög vel.

Sandur *ea.* 75 tonn voru flutt í græðireitinn. Undirbúinn var v

viðauki við græðireitinn og lokræsi gerð um 70 metra lögg, til að þurka upp svæðið er á köflum var deyglent. Skógur var ruddur af svæðinu. Lengra er undirbúniningurinn ekki kominn. Hinn nýi viðauki er ekki áfastur gamla reitnum, en nálægt brautinni verður um Mörkina meðan skurðarins gamla er liggur eftir henni, út að Fljóti.

Útlátnar plöntur:

1. Seldar plöntur á stæðnum birki 1.003 stk.

- - - - - - - - reynir 1.422 -

- - - - - - - - gulvíðir 30 -

- - - - - - - - fura 294 -

- - - - - - - - greni 259 -

- - - - - - - - ribs 111 -

Samtals: 3.119

2. Senda skógrækt ríkisins Rvk. 16.500 stk.

3. Plantað í skóginum. 1.500 -

Alls: 21.119 stk.

Sundurlibað eftir tegundum:

Björk 15.203 stk.

Reynir 3.422 -

Gulvíðir 30 -

Skógarfura 1.794 -

Greni 259 -

Ribs 411 -

Alls: 21.119 stk.

Trjáræktunarnámskeið sóttu 2 stólkur, Eta Minarskóttir Akranesi og Ásta Halldórsdóttir Reykjavík. Vinnufóld að vorinu fékkst með herkjum, er eftir sláttarbyrjun var enginn kostur að fá fólk hér um skóðir. Páll Guttormsson hirti reitinn í júlí, til septemberloka, með aðstæð unglings nokkurna tíma. Vann hann oft fram yfir venjulegan vinnutíma og tokst með því að halda reitnum hreinum fram úr.

Um ferðalög er þetta að segja:

Athugaði skóglendaid á Reyðarfirði í júní. Fór til Reykjavíkur í september. Áformud ferð til Vopnafjarðar först fyrir og verður að bíða næsta vors. Eftirspurn eftir efnivíði tók tíma minn er leid á sumarið, þann tíma einnig er ætlaður var til ferðalaga.

Ath. Með því að þessi skýrsla var uppkast, er hún ekki að orðalagi alveg samhljóða þeirri er send var skógræktarsjóra. En allat tölur eru aubvitað samhljóða bæði í uppkastinu og afritinu.

Hellormsstæð 16 janúar, 1943,

Guttermur Pálsson,